

Dagsetningar vegna vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árin 2024 – 2027

20. júlí. Byggðarráð. Verkáætlun um fjárhagsáætlunarferlið kynnt ásamt drögum að dagsetningum í fjárhagsáætlunarvinnunni. Rætt um ramma og helstu áherslur ef fram eru komnar.
14. ágúst. Upplýsingar til stjórnenda. Upplýsingar sendar deildarstjórum/ábyrgðarmönnum málaflokka ásamt drögum að verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun.
22. ágúst. Vinnufundur sveitarstjórnar, aðal – og varamenn í sveitarstjórn boðaðir og áherslur ræddar.
- Lok ágúst/fyrri hluti september. Nefndir taka fyrstu umræðu um ramma innan síns málaflokks, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á. Nefndir eru hvattar til að koma með tillögur og/eða ábendingar varðandi fjárfestingar.
21. og 22. september. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
28. september. Byggðarráð ræðir fram komin gögn við vinnu við fjárhagsáætlun og ræðir einnig um áherslur í fjárfestingum. Forsendur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir vinnslu fjárheimilda á árinu 2024 lagðar fram. Drög að útkomuspá fyrir árið 2023 lögð fram.
5. október – ef þörf er á, aukafundur Byggðarráðs. Kynnt drög að fjárhagsáætlun ásamt drögum að fjárfestingaráætlun 2024 – 2027.
12. október. Sveitarstjórnarfundur. Staða mála varðandi vinnu við fjárhagsáætlun rædd á vinnufundi/undirbúningsfundi fyrir reglubundin fund sveitarstjórnar þennan dag.
- Lok október/fyrsta vika nóvember. Nefndum kynnt staða ramma innan þess málaflokks sem um ræðir, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á.
26. október. Byggðarráð, lokafundur fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórn.
9. nóvember. Sveitarstjórn – fyrri umræða um fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
14. nóvember. Íbúafundur, kynnti staða vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
23. nóvember. Byggðarráð – staða mála við vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun rædd. Einnig yfirfarin útkomuspá fyrir árið 2023. Umræður og ábendingar frá íbúafundi ræddar.
14. desember. Sveitarstjórn – seinni umræða um fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
15. desember. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2024 – 2027 kynnt á vef Dalabyggðar.

**með fyrirvara um að einstaka dagsetningar og fyrirkomulag kann að taka breytingum.*